

90. fundur skráningarráðs haldinn 12. mars 2015 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 9-10.30

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).
Auk þess sat Sigrún Hauksdóttir fundinn. Hildur Gunnlaugsdóttir boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.

2. Staða mála hjá hópum

Hallfríður sagði frá ferð kennarateymis og Rögnu Steinarsdóttur til Bretlands og Hollands. Skipulagðir eru þrír dagar í British Library við kynningar og kennslu og einn dagur í háskólabókasafninu í Amsterdam. Aleph kerfið er notað í báðum þessum söfnum. Sigrún Hauksdóttir verður með í British Library.

Farið var yfir fundargerð fyrsta fundar stýrihóps. Vísað er til fundargerða þýðingarhóps og innleiðingarhóps í Dropbox.

3. Fjöldi í innleiðingarteymi

Erindi frá Magnhildi varðandi fjölda í innleiðingarteymi. Fundarmenn sammála um að fækka megi um tvo í teyminu, Áslaugu og Þóru. Þar verði einn fulltrúi frá kennarateymi (Hallfríður) og einn frá skráningarráði (Rósa). Þær kalli til varamenn geti þær ekki mætt á fundi.

4. Vinnulag við RDA innleiðingu

Rætt um heppilegt fyrirkomulag á vinnulagi skráningarráðs og kennarateymis, t.d. að kennarateymi skrái tiltekin svið og allt sem þeim fylgir skv. RDA og komi með á skráningarráðsfundi til afgreiðslu. Ákveðið að halda RDA vinnufund 13. apríl með þátttöku allra sem koma að innleiðingarvinnunni.

5. Verkáætlun skráningarráðs

Sigrún tekur að sér að vinna fyrstu drög, áfram verður haldið á vinnufundinum 13. apríl.

6. Önnur mál

Áslaug spurði hvenær kennarateymi gæti farið að prófa að skrá og breyta færslum. Sigrún sagði að einfalt yrði að skipta á milli raun- og tilraunaumhverfis eftir að nýr þjónustupakki verður tekinn í notkun 24. mars.

Hallfríður ræddi eintakatengingar fjölbindaverka sem eru skráð annars vegar í einni færslu, hins vegar í mörgum. Ekki einfalt að setja reglur um þetta.

Fleira ekki rætt, næsti fundur verður boðaður í kjölfar vinnufundar 13. apríl